

# Samningur milli ríkissjóðs og Akraneskaupstaðar um uppgjör lífeyrisskuldbindinga í Brú lífeyrissjóði vegna hjúkrunar- og dvalarheimilisins Höfða.

Akraneskaupstaður (hér eftir sveitarfélag), kt. 410169-4449, Höfði, hjúkrunar- og dvalarheimili (hér eftir hjúkrunarheimili), kt. 500576-0229, fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs Íslands (hér eftir ríkissjóður), kt. 540269-6459 og Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga (Brú) kt. 491098-2529, í samningi þessum nefndur lífeyrissjóður, gera með sér svofelldan samning um tilhögun uppgjors lífeyrisskuldbindinga vegna öldrunarþjónustu sem hjúkrunarheimilið veitir og fjármögnuð er með daggjöldum úr ríkissjóði.

Samningur þessi byggir á samkomulagi milli fjármála- og efnahagsráðuneytisins, f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. október 2016, um tilhögun uppgjors lífeyrisskuldbindinga í lífeyrissjóðum með bakábyrgð ríkissjóðs eða sveitarfélags. Þá byggir samningurinn jafnframt á tillögu að breytingu á forsendum lífeyrisskuldbindinga milli ríkis og sveitarfélaga vegna hjúkrunarheimila í rekstri frá 26. júní 2017 sem og ódagsettri bókun við samkomulag um skiptingu lífeyrisskuldbindinga vegna hjúkrunarheimila.

## 1.0 Áfallnar lífeyrisskuldbindingar

Samkomulag er um að áfallnar lífeyrisskuldbindingar hjúkrunarheimilisins hjá lífeyrissjóðnum skiptist milli sveitarfélagsins og ríkissjóðs sem hér segir:

- 1.1. Ríkissjóður greiðir upp 97% af áföllnum lífeyrisskuldbindingum vegna hjúkrunarheimilisins hjá lífeyrissjóðnum eins og þær eru samkvæmt tryggingafræðilegu mati 31. maí 2017, sbr. fylgiskjal 4. Sveitarfélagið greiðir lífeyrissjóðnum 3% hlutdeild sína í áföllnum lífeyrisskuldbindingum. Um greiðslu og uppgjör á hlutdeild sveitarfélags fer eins og kveðið er á um í lið 3.1.

## 2.0 Framtíðarskuldbindingar

- 2.1 Frá og með 1. janúar 2016 mun hjúkrunarheimilið greiða iðgjald umfram lögbundið iðgjald í samræmi við réttindaákvæði úr samþykktum Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar, sbr. 2. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, til þess að mæta framtíðarskuldbindingum vegna starfsmanna sinna sem aðild eiga að B-deildum Brúar auk ákvæðis 28.7 gr. í samþykktum Brúar. Með samtímagreiðslum fullnaðarlífeyrisiðgjalda ber hjúkrunarheimilið ekki frekari

- ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum í lífeyrissjóðnum vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem samtímagreiðslur þessar taka til þótt ekki séu sérstök ákvæði um það í lögum eða samþykktum LSA.
- 2.2 Iðgjald umfram hið lögbundna iðgjald skal vera 23% af þeim launaliðum sem iðgjald er reiknað af vegna starfsmanna sem eiga aðild að B-deild Brúar. Heildariðgjald til samtímagreiðslu fullnaðarlífeyrisiðgjalda nemur því 35% hjá Brú.
- 2.3 Uppgjör fullnaðariðgjalds skv. lið 2.1. og lið 2.2. gagnvart lífeyrissjóðnum skal fara fram eigi síðar en 15. desember 2017 og eftir það í samræmi við launauppgjör hvers tímabils. Fullnaðariðgjöld samkvæmt þessum lið skulu bera 6% ársvexti frá þeim tíma sem þau hefðu átt að koma til gjalda.

### 3.0 Uppgjör

- 3.1 Uppgjör milli sveitarfélags, hjúkrunarheimilis og lífeyrissjóðsins á hlutdeild í áföllnum lífeyrisskuldbindingum og lífeyrisgreiðslum skv. lið 1.1. og uppgjör á fullnaðariðgjaldi skv. lið 2.3. skal fara fram eigi síðar en 15. desember 2017.
- 3.2 Geri ríkið eða eitthvert þeirra sveitarfélaga sem samið hefur um uppgjör lífeyrisskuldbindinga á grundvelli samkomulags frá 28. október 2016, sjá fylgiskjal 5, kröfu um frekari greiðslu af mótaðila samningsins, á grundvelli ákvæðis bókonar með samningi þessum, skal það leiða til endurmats á uppgjöri samnings þessa.

### 4.0 Gildistaka o.fl.

- 4.1 Samningur þessi er gerður samkvæmt heimild í tölulið 7.6 í 6. gr. fjárlaga ársins 2017.
- 4.2 Ákvæði samnings þessa um greiðslu ríkissjóðs skv. lið 1.1. öðlast gildi þegar uppgjör skv. lið 3.1. og sambærilegt uppgjör lífeyrisskuldbindinga gagnvart Lífeyrisjóði starfsmanna ríkisins og/eða Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga hefur farið fram.

Samkomulag þetta er undirritað í fjórum eintökum og heldur hver samningsaðila sínu eintaki.

Reykjavík 26. október 2017



F.h. ríkissjóðs Íslands



F.h. Brúar lífeyrissjóðs



F.h. hjúkrunarheimilis sveitarfélags



**Fylgiskjöl með samningi þessum:**

1. Samkomulag fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um lífeyrismál, dags. 28. október 2016.
2. Tillaga að breytingu á forsendum fyrir uppgjör lífeyrisskuldbindinga milli ríkis og sveitarfélaga vegna hjúkrunarheimila í rekstri og þeirra sem hætt hafa rekstri, dags. 26. júní 2017.
3. Bókun við samkomulag um skiptingu lífeyrisskuldbindinga vegna hjúkrunarheimila (ó dags.)
4. Tryggingafræðileg úttekt á stöðu lífeyrisskuldbindinga hjúkrunar- og dvalarheimilisins Höfða, dags. 25. október 2017.
5. Listi yfir sveitarfélög sem gera samning á grundvelli samkomulags frá 28. október 2016.
6. Umboð sveitarstjórnar til undirritunar samnings og til uppgjörs.

**Samkomulag**  
**um tilhögun uppgjors lífeyrisskuldbindinga B-deilda lífeyrissjóða**  
**milli ríkis og sveitarfélaga**

Í samræmi við tillögu samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga (Jónsmessunefnd) frá 29. október 2014, skipaði fjármála- og efnahagsráðherra hinn 11. febrúar 2016, starfshóp, í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, til að meta ábyrgð lífeyrisskuldbindinga sem myndast hafa í opinberum lífeyrissjóðum vegna samrekstrar ríkis og sveitarfélaga auk annarra viðfangsefna sem kostuð hafa verið af þessum aðilum. Hlutverk starfshópsins var að gera tillögu að heildstæðu uppgjori milli aðila.

Samkomulag þetta kveður á um ábyrgð á áföllnum lífeyrisskuldbindingum, fyrirkomulag greiðslna og samtímagreiðslu fullnaðariðgjalds (mótframlag launagreiðanda) vegna B-deilda lífeyrissjóða sem ríki og sveitarfélög bera ábyrgð á.

Þann 6. september sl. gerðu Sjúkratryggingar Íslands, velferðarráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið annars vegar og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu og Samband íslenskra sveitarfélaga hins vegar með sér samkomulag um gerð rammamarknaðar vegna þjónustu og reksturs hjúkrunarheimila. Bókun 3 í samkomulaginu kveður á um „að ríkið yfirtaki lífeyrisskuldbindingar hjúkrunarheimila sem rekin eru á ábyrgð sveitarfélaga með sambærilegum hætti og ríkið hefur yfirtekið skuldbindingar annarra hjúkrunarheimila. Samkomulag um þetta verði gert innan ramma heildarsamkomulags um uppgjör lífeyrisskuldbindinga milli ríkis og sveitarfélaga“.

Á grundvelli ofangreinds eru aðilar sammála um að ljúka uppgjori á lífeyrisskuldbindingum vegna hjúkrunarheimila á daggjöldum og vegna annarrar sameiginlegrar starfsemi ríkis og sveitarfélaga eins og samkomulag þetta kveður á um.

Yfirtaka ríkisins á skuldbindingum hjúkrunarheimila samkvæmt samkomulagi þessu er háð því að hlutaðeigandi hjúkrunarheimili eða eftir atvikum sveitarfélag fyrir hönd hjúkrunarheimilis gangist undir rammamarknað Sjúkratrygginga Íslands um þjónustu og rekstur hjúkrunarheimila og að hlutaðeigandi sveitarfélag ábyrgist rekstur þeirrar þjónustu að minnsta kosti til 31. desember 2018. Komi til þess að sveitarfélag eða aðili á þess vegum ákveði að hætta að veita umrædda þjónustu fyrir lok árs 2018 telst það einhliða riftun á samkomulagi þessu. Við það ganga yfirteknar skuldbindingar til baka og skal þá gera upp það sem greitt hefur verið á grundvelli samkomulags þessa.

Samkomulag þetta byggir á því að sveitarfélög sem bera ábyrgð á rekstri hjúkrunarheimila á daggjöldum gangist undir samninga á grundvelli þessa samkomulags, sem og að sveitarfélög sem bera skuldbindingar í B-deild LSR vegna lögbundinnar starfsemi sveitarfélaga ábyrgist þær í sérstöku samkomulagi við ríkið. Samband íslenskra sveitarfélaga mun beita sér fyrir því að samningum við öll sveitarfélög á þeim grundvelli verði lokið fyrir 31. desember 2018 í samræmi við það sem á eftir fer í samkomulagi þessu. Jafnframt er vísað til bókunar með samkomulagi þessu.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including a large signature and the initials "BDM" and "STG".

Samkomulagið felur ekki í sér lagalegar skuldbindingar aðila heldur er grunnur að sérstökum samningum sem gerðir verða á milli fjármála- og efnahagsráðuneytisins og hlutaðeigandi sveitarfélaga að fenginni heimild Alþingis í fjárlögum og/eða fjárákalogum.

### 1. Uppgjör skuldbindinga hjúkrunarheimila á daggjöldum

Samkomulagið tekur til hjúkrunarheimila á daggjöldum sem starfa á ábyrgð sveitarfélaga. Sveitarfélög skulu skila fullnægjandi upplýsingum um hjúkrunarheimilin.

Samkomulagið tekur til skuldbindinga hjá eftirtöldum lífeyrissjóðum þar sem B-deildir eru starfræktar.

Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR)

Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga (LH)

Lífeyrissjóðurinn Brú – (LSS)

Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar

Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar

Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar

Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogs.

Við uppgjör lífeyrisskuldbindinga vegna hjúkrunarheimila á daggjöldum eru samningsaðilar sammála um eftirfarandi:

- a. Ríkissjóður og sveitarfélögin munu frá og með 1. janúar 2016 skipta með sér og taka yfir ábyrgð og greiðslur á áföllnum lífeyrisskuldbindingum hlutaðeigandi hjúkrunarheimila sem fjármögnuð eru með daggjöldum. Skuldbindingum skal skipta hlutfallslega milli samningsaðila. Með hliðsjón af fyrri samningum um skiptingu áþekkra lífeyrisskuldbindinga er samkomulag um að ríkið beri 97% skuldbindingarinnar og sveitarfélögin 3%.
- b. Sveitarfélög skulu gera að fullu upp, gagnvart hlutaðeigandi lífeyrissjóðum, áfallnar lífeyrisskuldbindingar hjúkrunarheimila samkvæmt skiptihlutfalli a-liðar miðað við stöðu þeirra þann 31. desember 2015. Með þessu munu framangreindar skuldbindingar falla út úr efnahagsreikningum hjúkrunarheimila sveitarfélaga eða eftir atvikum efnahagsreikningi sveitarfélaga ekki síðar en 31. desember 2016. Þá skulu sveitarfélög hafa gert upp allar eldri greiðslukröfur hlutaðeigandi lífeyrissjóða vegna hjúkrunarheimila áður en til uppgjörs kemur, s.s. vegna iðgjalda eða lífeyrishækkana, séu slíkar kröfur til staðar.
- c. Lífeyrishækkanir á gjalddaga 1. janúar 2016 og síðar verða yfirteknar af ríkissjóði/sveitarsjóði á grundvelli samkomulagsins.
- d. Samhliða undirritun samninga fjármála- og efnahagsráðuneytis og hlutaðeigandi sveitarfélags/hjúkrunarheimils um skiptingu lífeyrisskuldbindinga skulu gerðir sjálfstæðir samningar milli hlutaðeigandi hjúkrunarheimilis og þess/þeirra lífeyrissjóða, sem reknir eru á ábyrgð ríkisins eða sveitarfélaga, um samtímagreiðslu fullnaðariðgjalds (mótframlag launagreiðanda). Iðgjaldið er vegna starfsmanna í starfi 1. janúar 2016 sem greiða iðgjöld til þeirra lífeyrissjóða sem samkomulagið tekur til. Samningar um þetta atriði skulu gilda frá 1. janúar 2016.
- e. Viðbótariðgjöldum launagreiðanda sem greidd hafa verið í B-deildir lífeyrissjóðanna vegna reksturs hjúkrunarheimila á daggjöldum, fram að yfirtökudegi lífeyrisskuldbindinga, verður ráðstafað á móti þeim framtíðar lífeyrishækkunum sem teknar eru yfir af ríkissjóði/sveitarsjóði.
- f. Lífeyrishækkanir á gjalddaga 1. janúar 2016 og síðar og sem greiddar hafa verið ganga upp í samtímagreiðslum fullnaðariðgjalda frá sama tíma.

*[Handwritten signatures and initials]*  
LH  
BDM  
SFA

- g. Aðilar eru sammála um að fyrir 31. desember 2016 verði allri samningsgerð um uppgjör á lífeyrisskuldbindingum hjúkrunarheimila á daggjöldum, og undirritun samninga, milli hlutaðeigandi sveitarfélags og fjármála- og efnahagsráðuneytisins annars vegar og milli hlutaðeigandi sveitarfélags og hlutaðeigandi lífeyrissjóðs lokið.

## 2. Aðrar lífeyrisskuldbindingar

Meta skal aðrar lífeyrisskuldbindingar sem stofnast hafa vegna samrekstrar ríkis og sveitarfélaga, einkum á sviði heilbrigðismála, félagsmála og menntamála. Samkomulag er um að við mat og útreikning þeirra verði fylgt eftirfarandi viðmiðum:

Aðilar eru sammála um að við skiptingu og uppgjör á lífeyrisskuldbindingum vegna samrekstrar ríkis og sveitarfélaga, annarra en hjúkrunarheimila, verði m.a. horft til fordæma hvað það varðar. Í því felst skoðun á ákvæðum laga, reglna, ákvarðana og samninga sem í gildi voru á hverjum tíma. Þá eru aðilar sammála um að meta skuli hvort stofnast hafi að lögum eða með ákvörðun stjórnvalda lífeyrisskuldbindingar þar sem ábyrgð á þeim kann að vera óskýr, s.s. vegna verkefna reynslusveitarfélaga, málefna fatlaðra eða annarra sameiginlegra verkefna ríkis og sveitarfélaga.

Starfshópi um ábyrgð lífeyrisskuldbindingar ríkis og sveitarfélaga vegna samreksturs o.fl., sem skipaður var hinn 11. febrúar 2016, er falið að greiða úr ágreiningi sem upp kann að koma um gögn sem lögð eru til grundvallar í útreikningum og önnur álitafni. Endanlegur samningur um uppgjör er í höndum hlutaðeigandi sveitarfélags, fjármála- og efnahagsráðuneytisins og þeirra lífeyrissjóða sem samkomulagið tekur til.

## 3. Fjárhagslegt uppgjör

Heildaruppgjör milli ríkisins, hlutaðeigandi sveitarfélaga og hlutaðeigandi lífeyrissjóða fer fram þegar skipting lífeyrisskuldbindinga milli ríkis og sveitarfélaga liggur fyrir. Í því efni kemur eftirfarandi til ákvörðunar:

- i. Að hlutdeild sveitarfélaga í áföllnum lífeyrisskuldbindingum hjúkrunarheimila í B-deild LSR og LH í árslok 2015 verði greiddar upp með reiðufé eða skuldabréfi. Ríkissjóður geri upp hlutdeild sína í áföllnum lífeyrisskuldbindingum hjúkrunarheimila með reiðufé, skuldabréfi eða með ábyrgðaryfirlýsingu gagnvart hlutaðeigandi lífeyrissjóði. Til að standa undir framtíðarskuldbindingum vegna starfsmanna sem enn eru í starfi skal greitt viðbótariðgjald til fullnaðaruppgjors á þeirri skuldbindingu sem myndast.
- ii. Að fram fari fullnaðaruppgjör sem taki til áfallinna og framtíðarskuldbindinga.
- iii. Að fram fari skuldajöfnun lífeyrisskuldbindinga en mögulegur mismunur verði gerður upp með skuldabréfi.
- iv. Að aðrar lífeyrisskuldbindingar en þær sem gagnert tengjast B-deildum lífeyrissjóða komi inn í endanlegt uppgjör milli aðila.


Leita skal staðfestingar hlutaðeigandi lífeyrissjóðs á skiptingu og uppgjöri þeirra skuldbindinga sem samkomulagið tekur til.

BRUM  
SFB  
KH

Forsenda samkomulags þessa er að samningum við sveitarfélög samkvæmt 2. lið verði lokið eigi síðar en 31. desember 2018. Takist það ekki fellur samkomulag þetta og samningar sem gerðir hafa verið á grundvelli þess úr gildi. Skal þá innan sex mánaða gera upp þær fjárskuldbindingar sem aðilar hafa tekið á sig á frá gildistöku samningsins.

Samkomulag þetta er gert í tveimur samhljóða eintökum.

Reykjavík, 28. október 2016



Fjármála- og efnahagsmálaráðherra



fórmaður Sambands íslenskra sveitarfélaga,  
skv. samþykkt stjórnar frá 28. október 2016

**Bókun með samkomulagi um tilhögun uppgjörs  
lífeyrisskuldbindinga B-deilda lífeyrissjóða  
milli ríkis og sveitarfélaga frá 28. október 2016**

Með nýgerðum rammasamningi Sjúkratrygginga Íslands um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimila í landinu sem fela í sér talsvert aukin framlög til rekstrar hjúkrunarheimila og þess að ríkissjóður hefur á grundvelli ofangreinds samkomulags og samkomulags við sjálfseignarstofnanir árið 2014 tekið yfir ábyrgð á meginhluta lífeyrisskuldbindinga hjúkrunarheimila á daggjöldum gera fjármála- og efnahagsráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga eftirfarandi bókun:

Í samræmi við bókun í samkomulagi um rammasamning milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og hjúkrunarheimila um þjónustu hjúkrunarheimila hafa fjármála- og efnahagsráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga gert samkomulag um tilhögun á uppgjöri lífeyrisskuldbindinga hjúkrunarheimila sem rekin eru af sveitarfélögum.

Ljóst er að með samkomulaginu mun ríkissjóður létta verulegum lífeyrisskuldbindingum af hjúkrunarheimilum til að tryggja áframhaldandi rekstrargrundvöll þeirra enn betur þannig að þau geti veitt íbúum hjúkrunarheimila enn markvissari og betri þjónustu en áður.

Með hliðsjón af ofangreindu fellst Samband íslenskra sveitarfélaga á að beita sér fyrir því að sveitarfélög, sem reka hjúkrunarheimili á daggjöldum, skuldbindi sig á sambærilegan hátt og verið hefur til að halda áfram að veita þá mikilvægu þjónustu sem hjúkrunarheimili sinna eftir að gildistíma rammasamkomulags samkvæmt samkomulaginu lýkur.

HT  
BRM  
SFA



26. júní 2017/mp

**Tillaga að breytingu á forsendum  
fyrir uppgjör lífeyrisskuldbindinga milli ríkis og sveitarfélaga vegna hjúkrunarheimila í rekstri  
og þeirra sem hætt hafa rekstri.**

Óskað hefur verið eftir að forsendur samkomulags ríkis og sveitarfélaga vegna uppgjörs lífeyrisskuldbindinga hjúkrunarheimila sbr. samkomulag dags. 28. október 2016 og 13. janúar 2017, verði endurskoðaðar. Eftirfarandi breytingar á fyrri forsendum eru lagðar til:

1. Mat á lífeyrisskuldbindingum sem til uppgjör koma verði miðað við laun og rétt til lífeyris eins og þau eru metin í maí 2017. Í fyrri útreikningum voru skuldbindingar metnar m.v. árslok 2015 og uppgjörsfjárhæð færð upp með vísitölu til ársloka 2016<sup>1</sup>. Skuldbindingar metnar eins og hér er lagt til, er nákvæmara mat skuldbindinga m.v. tímasetningu uppgjör. Ofanefnd dagsetning gildir fyrir uppgjör allra lífeyrisjóða sem hlut eiga að máli vegna hjúkrunarheimila.
2. Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga gerði tillögu um að ný spá um lækkun dánartíðni tæki gildi frá og með lokum árs 2015. Þrátt fyrir að nýjar forsendur um lækkun dánartíðni hafi almennt ekki tekið gildi við mat skuldbindinga er lagt til að miðað verði við spána í uppgjöri vegna hjúkrunarheimila. Þetta jafngildir um 6-8% hækkun lífeyrisskuldbindinga sem koma til uppgjör, breytilegt eftir samsetningu þess hóps sem í hlut á.
3. Forsenda í samkomulaginu frá 13. janúar 2017 er að eftirlaunahækkanir verði 1,5% umfram hækkun verðlags. Þessi forsenda er almennt notuð af tryggingastærðfræðingum við mat á framtíðarskuldbindingum. Lagt er til að áhættu vegna frekari raunlaunabreytinga verði mætt með því að miða við 2% í stað 1,5% þegar um fullnaðaruppgjör er að ræða. Þetta jafngildir um 7% álagsþætti á skuldbindingar eins og þær eru metnar m.v. maí 2017.
4. Greiðslur á lífeyri, greiðslur ábyrgðaraðila til hlutaðeigandi lífeyrissjóðs sem og ávöxtun eigna í ljósi breyttrar dagsetningar koma til endurskoðunar. Greiddur lífeyrir bætist við uppgjörsfjárhæð, færður til loka maí 2017 með breytingu vísitölu meðallauna opinberra starfsmanna og 1,5% vöxtum til samræmis við forsendur á útreikningi á skuldbindingum. Eignastaða í árslok 2015 verði framreiknuð til loka maí 2017 m.v. ávöxtun eignasafna árið 2016.

Ítreka skal að sömu forsendur skulu gilda fyrir öll uppgjör lífeyrisskuldbindinga vegna hjúkrunarheimila óháð því hvort í hlut á lífeyrissjóður sem ríkissjóður ber ábyrgð á eða sjóðir þar sem hlutaðeigandi sveitarfélag stendur í ábyrgð fyrir. Ennfremur að ofangreind uppgjörsaðferð gildi fyrir öll hjúkrunarheimili jafnt starfandi og þau sem látið hafa af rekstri.

<sup>1</sup> Fyrri samkomulag miðaði við að skuldbindingar til uppgjör yrðu uppfærðar með vísitölu lífeyrisgreiðsla 11,2%.

hfr  
STK

## **Bókun við samkomulag um skiptingu lífeyrisskuldbindinga vegna hjúkrunarheimila:**

Aðilar að bókun þessari eru sammála um að eftir 5 ár frá staðfestingu samkomulags þessa skuli fara fram sérstök greining á því hvort tryggingfræðilegar forsendur samkomulagsins hafi staðist. Við slíka greiningu skal byggt á þeirri forsendu að launaþróun hjá þeim stofnunum sem samkomulagið tekur til sé í takti við það sem almennt gerist.

Ef í ljós kemur að orðið hafi frávik frá þeim, skal meta áhrif þeirra í fjárhagslegu tilliti og gera ráðstafanir til að jafna þau áhrif sem af frávikunum leiða.

Slíkar ráðstafanir skulu taka til allra þeirra tvíhliða samkomulaga sem gerð eru milli ríkissjóðs og einstakra sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga hjúkrunarheimila og fyllsta samræmis og gagnkvæmni gætt.

WY SPA

2017-10-25

**Mat lífeyrisskuldbindinga í Brú lífeyrissjóði vegna starfsmanna Dvalarheimilisins Höfða í réttindasafni Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar m.v. 31.5.2017**

Undirritaður hefur metið lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna Dvalarheimilisins Höfða í réttindasafni Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar vegna réttinda sem áunnin voru fram til loka árs 2015 metið miðað við framkomnar upplýsingar hinn 31.5.2017 og á verðlagi þess dags.

Reiknast skuldbinding umfram eignir kr. **1.123.622.449**. Skipting milli ríkis og sveitarfélags reiknast í samræmi við samning aðila:

Hluti sveitarfélags 3%     **33.708.673**  
Hluti ríkisins     97%   **1.089.913.776**

Lífeyrissjóðurinn lét í té upplýsingar um rétthafa og réttindastöðu þeirra í maí 2017. Forsendur mats skuldbindinga vegna lífeyrisgreiðslna sem falla munu til eftir 31.5. 2017 eru hinar sömu og við tryggingafræðilega athugun B-deildar Brúar lífeyrissjóðs við lok árs 2016 með eftirfarandi frávikum :

Lífslíkur eru metnar eftir spálíkani Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga frá árinu 2015  
Gert er ráð fyrir að launahækkanir umfram verðlag verði að jafnaði 2%

Frá skuldbindingum er dregið sama hlutfall og eignir sjóðsins reiknuðust af skuldbindingu vegna Dvalarheimilisins Höfða í tryggingafræðilegri athugun ársins 2016. Þar sem í réttindastöðu 31.5 eru innfalin réttindi áunnin eftir lok 2015 er mat lækkað með frádrætti fullnaðariðgjalda frá og með 1.1.2016 með vísitölu og vöxtum. Lífeyrisgreiðslum sem inntar hafa verið af hendi á sama tímabili er bætt við mat skuldbindinga með sömu aðferð. Þannig er fengið mat miðað við 31.5.2017 á lífeyrisskuldbindingum áunum fyrir lok 2015

Virðingarfyllst,  
TBG ehf.



Bjarni Guðmundsson, cand. act.

HY SEP

Sveitarfélög sem hyggjast gera samninga um uppgjör lífeyrisskuldbindinga hjúkrunarheimila á grundvelli samkomulags ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. október 2016 með breytingum skv. tillögu dags. 26. júní 2017.

Sveitarfélag	Hjúkrunarheimili
Sveitarfélag	Hjúkrunarheimili
Akranes	Höfði
Akureyrarbær	Öldrunarstofnun Akureyrar
Dalabyggð	Silfurtún
Dalvíkurbyggð	Dalbær
Fjallabyggð	Hornbrekka
Fjarðarbyggð	Hulduhlíð/Uppsálar
Garðabær	Holtsbúð
Mýrdalshreppur	Hjallatún
Rangárþing eystra	Kirkjuhvoll
Rangárþing ytra	Lundur
Reykholahreppur	Barmahlíð
Reykjanesbær	Garðvangur, Hlévangur, DASn.
Skaftárhreppur	Klausturhólar
Skagaströnd/Félagsp. Húnaþings	Sæborg
Snæfellsbær	Jaðar
Stykkishólmur	Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi
Langanesbyggð	Naust
Norðurþing	Hvammur
Vestmannaeyjar	Hraunbúðir
Vopnafjarðarhreppur	Sundabúð

HY SFA



## Akraneskaupstaður

Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
b.t. Viðars Helgasonar  
Lindargata 7  
101 Reykjavík

Erindið sent með tölvupósti  
á netfangið [vidar.helgason@fir.is](mailto:vidar.helgason@fir.is)

Akranesi, 29. september 2017  
1511324 SFP/sas

**Efni:** Höfði - lífeyrisskuldbindingar

Á fundi bæjarstjórnar Akraness, sem haldinn var þann 26. september sl. var erindi bæjarráðs Akraness um uppgjör á lífeyrisskuldbindingum Höfða vísað til afgreiðslu bæjarstjórnar.

Það tilkynnist hér með að bæjarstjórn Akraness samþykkti fyrirbyggjandi uppgjör lífeyrisskuldbindinga Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis og fól bæjarstjóra að ganga frá nauðsynlegum löggerningum þess efnis f.h. Akraneskaupstaðar. Jafnframt var undirrituðum falið að koma á framfæri orðalagi bókunar sem Akraneskaupstaður óskar eftir að verði fylgiskjal uppgjörsamkomulagsins. Bókunin er hér meðfylgjandi.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

BÆJARSTJÓRINN  
  
AKRANESI  
Sævar Freyr Þráinsson

bæjarstjóri

Afrit: Samband íslenskra sveitarfélaga, Hvalfjarðarsveit og Endurskoðunarstofan Álit.

**RE: Undirritun samninga**

Viðar Helgason to: Sævar Freyr Þráinsson

01.12.2017 10:22

Cc: "Anna Valbjörg Ólafsdóttir", "Guðmundur Árnason", "Kjartan Kjartansson", "Steinar Adolfsson", "Karl Björnsson"

Sæll Sævar,

Ég vísa aftur til þess sem kom fram í tölvupósti mínum frá 31. október s.l. að ráðuneytið hafnar tillögu Akraneskaupstaðar um nýja bókun með samningnum sem vísað er til í umboði Akraneskaupstaðar frá 29. september s.l.

Ráðuneytið fellst þrátt fyrir það á gildi umboðs bæjarstjóra til undirritunar samninga. Tölvupóstur þessi verður settur með umboðinu og bókun þeirri sem fylgir samningunum og var samin af ráðuneytisstjóra fjármála- og efnahagsráðuneytis og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga og fylgir öllum þeim samningum sem undirritaðir hafa verið.

Samningar milli ríkissjóðs og Akraneskaupstaðar um uppgjör lífeyrisskuldbindinga í Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga vegna hjúkrunar- og dvalarheimilis Höfða annars vegar og samningar milli ríkissjóðs og Akraneskaupstaðar um uppgjör lífeyrisskuldbindinga í Brú lífeyrissjóði vegna hjúkrunar- og dvalarheimilis Höfða verða tiltækir í ráðuneytinu til skoðunar og undirritunar í samræmi við óskir ykkar.

Kveðja,

Viðar.

**Viðar Helgason, sérfræðingur / Head of Division**

Fjármála- og efnahagsráðuneytið / Ministry of Finance and Economic Affairs  
Skrifstofa stjórnunar og umbóta / Department of Public Management and Reform  
Arnarhvoli, 150 Reykjavík, Iceland  
Sími (+354) 545-9200, fax (+354) 545-9299  
[www.fjr.is](http://www.fjr.is)

Um ábyrgð á tölvupósti / E-mail disclaimer: <http://www.stjornarrad.is/Fyrirvari>

Vinsamlega hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður

Please consider the environment before printing

"Sævar Freyr Þráinsson"

Sæll Viðar það hentar mér og Kjartani Kja...

29.11.2017 18:34:56

From: "Sævar Freyr Þráinsson" <saevar.freyr.thrainsson@akranes.is>  
To: "Viðar Helgason" <vidar.helgason@fjr.is>  
Cc: "Anna Valbjörg Ólafsdóttir" <anna.v.olafsdottir@fjr.is>, "Guðmundur Árnason" <gudmundur.arnason@fjr.is>, "Steinar Adolfsson" <steinar.adolfsson@akranes.is>, "Kjartan Kjartansson" <kjartan@dvalarheimili.is>  
Date: 29.11.2017 18:34  
Subject: RE: Undirritun samninga

Sæll Viðar

Það hentar mér og Kjartani Kjartansyni framkvæmdastjóra Höfða að koma á föstudag kl. 14:00 og undirrita samninga. Vonandi hentar sá tími ykkur sömuleiðis.

Steinar Adolfsson getur komið til ykkar kl. 13:00 og sannreynt að þau skjöl sem eru til undirritunar séu í samræmi við útsend gögn ásamt fylgiskjölum. Þetta er nauðsynlegt þar sem við höfum ekki fengið afrit af okkar gögnum heldur einungis sýniseintök og þau án fylgigagna.

Í tölvupósti þínum óskar þú eftir nýju umboði. Vil ég áréttta það sem Steinar Adolfsson hefur komið á framfæri oftar en einu sinni við þig að umboðið er ekki bundið skilyrðum. Ég get og hef fulla heimild til að undirrita samningana eins og þeir liggja fyrir þ.e. þegar við höfum sannreynt gögnin sbr. framangreint. Sú bókun bæjarstjórnar frá 26. september sem þú hefur vísað til er eftirfarandi.

*Bæjarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi uppgjör lífeyrisskuldbindinga Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis og felur bæjarstjóra að ganga frá nauðsynlegum löggerningum þess efnis f.h. Akraneskaupstaðar.*

*Bæjarstjóra er jafnframt falið að koma á framfæri við ríkið orðalagi bókunar sem Akraneskaupstaður óskar eftir að verði fylgiskjal uppgjörssamkomulagsins.*

Bókunin veitir mér eins og áður sagði fulla heimild til undirritunar en ríkið hefur hafnað ósk Akraneskaupstaðar um orðalag bókunar enda gert ráð fyrir öðru orðalagi í fylgigögnum. Þetta verður ekki skilið öðruvísi en að þar sé átt við bókun á bls. 2 í erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 21. ágúst 2017 sem sent er með í viðhengi.

Kær kveðja,



Sævar Freyr Þráinsson,  
Bæjarstjóri Akraneskaupstaðar/Mayor of Akranes  
S: 433-1010 / 860-7701  
Netfang: [saevar.freyr.thrainsson@akranes.is](mailto:saevar.freyr.thrainsson@akranes.is)  
[www.akranes.is](http://www.akranes.is) / [www.facebook.com/Akraneskaupstadur](https://www.facebook.com/Akraneskaupstadur)

*Gildi Akraneskaupstaðar eru jákvæðni, metnaður og víðsýni.*



Akraneskaupstaður

## BÓKUN VEGNA UPPGJÖRS LÍFEYRISSKULDBINDINGA

Tillaga Akraneskaupstaðar dags. 26. september 2017

Aðilar að bókun þessari eru sammála um að eftir 5 ár frá staðfestingu samkomulags þessa skuli fara fram sérstök greining á því hvort tryggingafræðilegar forsendur samkomulagsins hafi staðist (sbr. þróun launa, verðlags og lífaldurs). Við slíka greiningu skal, byggt á þeirri forsendu að launaþróun hjá þeim stofnunum sem samkomulagið tekur til sé áþekk því sem gerist hjá samanburðarstofnunum.

Ef í ljós kemur að orðið hafi frávik frá tryggingafræðilegum forsendum, skal meta áhrif þeirra í fjárhagslegu tilliti og gera ráðstafanir til að jafna þau áhrif sem af frávikunum leiða.

Slíkar ráðstafanir skulu taka til allra þeirra tvíhliða samkomulaga sem gerð eru á milli ríkissjóðs og einstakra sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga hjúkrunarheimila og fyllsta samræmi og gagnkvæmni gætt.

Aðilar skulu að lokinni framangreindri vinnu meta hvort tilefni er til að ráðast í nýja greiningu á tryggingafræðilegum forsendum að tilteknum tíma liðnum sem tekur bæði til upphaflegra forsendna sem og þeirra ráðstafana sem ráðist verður í til að jafna áhrif frávíka.


F.h. Akraneskaupstaðar



Sævar Freyr Práinsson

bæjarstjóri





## Umboð

Stjórn Höfða veitir Kjartani Kjartanssyni, kt. 020766-3799, framkvæmdastjóra Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis, fullt umboð til að undirrita fyrir hönd Höfða, endanlega samninga milli ríkissjóðs Íslands, Akraneskaupstaðar, Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis og hlutaðeigandi lífeyrissjóða um uppgjör lífeyrisskuldbindinga í B-deild Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga og í B-deild Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga.

Akranesi, 27. nóvember 2017

Lislyana M. Dapdóttir  
Kristján Sussan  
Margrét Magnúsdóttir  
Höfnir D. Heðman

Vottar:

Harweg Skutadóttir 291161-2439  
Anton. Mariasd 040760-2029.